

21. október 2009

Sáttargerð vegna brots á 128. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti.

Þann 7. júlí 2009 gerðu Fjármálaeftirlitið og Sveitarfélagið Álftanes með sér eftirfarandi sátt vegna brots Sveitarfélagsins Álftaness á 128. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti (vvl.).

Með sáttinni gekkst Sveitarfélagið Álftanes, sem útgefandi skráðra skuldabréfa, við því að hafa brotið gegn 128. gr. vvl. með því að hafa skilað lista yfir fruminnherja tæpum 16 mánuðum of seint til Fjármálaeftirlitsins. Jafnframt að hafa aldrei skilað lista yfir aðila fjárhagslega tengda fruminnherjum frá því að rafrænt skýrsluskilakerfi var tekið í notkun í desember 2006.

Í 128. gr. vvl. er kveðið á um skyldu útgefenda til að senda Fjármálaeftirlitinu, í því formi sem eftirlitið ákveður, upplýsingar um fruminnherja, tímabundna innherja og aðila fjárhagslega tengda innherjum. Endurskoðaðan lista yfir innherja skal senda Fjármálaeftirlitinu eigi sjaldnar en á sex mánaða fresti.

Með vísan til framangreinds, atvika að öðru leyti, 142. gr. vvl. og reglna nr. 1245/2007 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt, var það mat Fjármálaeftirlitsins að fjárhæð sáttarinnar væri hæfilega ákveðin kr. 650.000,-.